

Október 2025



Mannauður í lykilhlutverki

Stefna ríkisins í mannauðsmálum

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Október 2025

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2025 Fjármála- og efnahagsráðuneytið


Efnisyfirlit

Mannauður í lykilhlutverki	4
Framtíðarsýn.....	6
Markmið og áherslur.....	7

Mannauður í lykilhlutverki

Ríkið ber ábyrgð á tiltekinni grunnþjónustu samfélagsins og einstaklingar eiga að geta treyst á aðgengileg og vönduð úrræði sem stuðla að velferð, öryggi og virkri þátttöku í samfélaginu. Starfsfólk ríkisins er í lykilhlutverki við að veita opinbera þjónustu. Því er mikilvægt að ríkið laði að og haldi í fjölbreyttan hóp starfsfólks sem býr yfir víðtækri reynslu og færni og sem beitir skapandi hugsun við lausn flókinna viðfangsefna á hverjum tíma.

Forsenda framúrskarandi opinberrar þjónustu er stefnumiðuð og aðlögunarhæf mannauðsstjórnun sem skapar eftirsóknarvert starfsumhverfi þar sem hæfni starfsfólks fær notið sín til fulls.



Með innleiðingu stefnu ríkisins í mannauðsmálum verða sett fram leiðbeinandi viðmið og verklag sem nýtist fyrir markvissa mannauðsstjórnun hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins.

Tilgangur, skýrar væntingar, að tekið sé eftir því sem vel er gert, hrós, tækifæri til vaxtar og jákvætt starfsumhverfi er til þess fallið að draga fram það besta í starfsfólki ríkisins.

Stefnan er sú fyrsta sinnar tegundar hjá ríkinu og verður endurskoðuð eigi síðar en að fimm árum liðnum. Í stefnunni eru fimm markmið og áherslur sem er ætlað að beina sjónum að þeim lykilþáttum í mannauðsmálum ríkisins sem stuðla að jákvæðri þróun. Aðgerðaáætlun, sem gefin er út samhliða, vinnur markvisst að markmiðum stefnunnar.



**Stefnumiðuð
mannauðsstjórnun**



**Tilgangsdreven störf
og verkefni**



**Aukin hæfni til
árangurs**



**Eftirsóknarvert
starfsumhverfi**




Aðlögunarhæfni

Lykilviðfangsefni til næstu ára:

1. **Undirbúa starfsfólk og starfsemi opinberrar þjónustu fyrir framtíðina.**
Í því skyni þarf að greina hvar **stafræn þjónusta og mannleg þjónusta** á við, þvert á ríkið.
2. Finna þarf leiðir til að **móta starfsumhverfi sem tekur mið af framtíðarþörfum í þjónustu** til hagsbóta fyrir einstaklinga, atvinnulífið, starfsfólk, ríkissjóð og samfélagið í heild.
3. **Móta þarf og nýta mælikvarða** í mannauðsmálum sem skipta máli og auka samfélagslegan ávinning.
4. Skapa þarf jarðveg fyrir **umbótamenningu** þar sem **árangur er sýnilegur** starfsfólki, stjórnendum og almenningi.
5. Aukin áhersla á **fjölbreytileika, jafnrétti og inngildingu**.
6. **Framþróun starfa** eftir þörfum samfélagsins. Starfsfólk fái notið sín í starfi, sinni verkefnum við hæfi og **nýti hæfni** sýna til fulls. **Starfsþróun sé sýnileg og mæti þörfum fólks og stofnana**.
7. **Efla þarf vinnustaðamenningu** með áherslu á **heilbrigð samskipti, öryggi og vellíðan** starfsfólks á vinnustöðum ríkisins.

Framtíðarsýn



Myndræn framsetning á framtíðarsýn ríkisins í mannauðsmálum

Starfsfólk ríkisins er í lykilhlutverki við að veita opinbera þjónustu.
Við störfum fyrir fólkið í landinu, með skýran tilgang að leiðarljósi.
Við nýtum og þróum hæfni okkar í starfsumhverfi sem einkennist
af árangursmiðaðri menningu og viðhorfi.

Framtíðarsýn ríkisins í mannauðsmálum

Markmið og áherslur



Stefnumiðuð mannauðsstjórnun

Betri yfirsýn yfir mælikvarða og ferla í mannauðsmálum styður og styrkir stefnumiðaða mannauðsstjórnun.



Tilgangsdrifin störf og verkefni

Að skýr tilgangur sé í störfum og verkum, þ.e. skýr tenging við tilgang þjónustu á hverjum tíma.



Aukin hæfni til árangurs

Að starfsfólk hafi tækifæri til að þróa hæfni sína ásamt því að þróast í starfi. Að stofnanir þekki hæfni starfsfólks og geti með forvirkum hætti stuðlað að frekari hæfnipróun.



Eftirsóknarvert starfsumhverfi

Að styðja við heilbrigt starfsumhverfi og þjónustu með áherslu á virðingarrík samskipti, öflug teymi, sýnilegan árangur og tekið sé eftir því sem vel er gert.



Aðlögunarhæfni starfsfólks og stofnana

Að breytingar séu í takti við framfarir þannig að stofnanir og starfsfólk séu í stakk búin til að takast á við breytingar í starfsemi og þjónustu.

